

Nd.

370. Breytingartillögur

við frv. til laga um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til að skylda unglinga til sundnáms.

Frá mentamálanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna »alt að tveim mánuðum ár hvert« í lok greinarinnar komi:
alt að 4 mánuðum samtals. Þó skal jafnan undanþiggja þá unglinga sundnámsskyldu, sem að dómi sundkennara eru sæmilega syndir, ef þess er óskað.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Undanþegnir sundnámsskyldu skulu þeir, sem sanna með læknisvottorði, að þeir megi ekki stunda sundnám sökum heilsubrests.